



Borgarráð

Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir - aðilaskipti.

Óskað er eftir að borgarráð heimili aðilaskipti að samkomulagi um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Skógarhlíð 22 í Reykjavík milli Þb. Fasteignarfélagsins Þórodds ehf. kt. 450406-0230 og Fjölhæfni ehf. kt. 450202-3980.

Greinargerð:

Þann 10. desember 2018 var skrifað undir samkomulag um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Skógarhlíð 22. Samkvæmt 9. gr samkomulagsins er kveðið á um að framsal sé óheimilt áður en greiðsla skv. 3. gr. hafi farið fram nema framsalshafi skuldbindi sig gagnvart Reykjavíkurborg til að þess að standa skil á greiðslum skv. samkomulaginu og jafnframt skuldbindi sig til þess að hlýta að öðru leyti ákvæðum samkomulagsins í stað fyrri lóðarhafa. Lagt er fram kauptilboð dags. 8. maí 2020 um sölu á Skógarhlíð 22 milli Þb. Fasteignarfélagsins Þórodds ehf. kt. 450406-0230 og Fjölhæfni ehf kt. 450202-3980 sem yrði þá nýr lóðarhafi og mun hlýta að öllu leiti þeim skilmálum sem gilda um fyrri lóðarhafa.

Helga Björg Ragnarsdóttir

Hjálagt:

Kauptilboð dags. 8. maí 2020.

Samkomulag dags. 10. desember 2018.

Kauptilboð

Seljandi
Pb. Fasteignafélagið Þóroddur ehf. Kennitala
450406-0230 Símanúmer
- Hlutfall
100.0%

Kaupandi
Fjölhæfni ehf. Kennitala
450202-3980 Símanúmer
- Hlutfall
100.0%

Fastanúmer 203-0540	Númer íbúðar 00 01-0101	Eignarhlutur í húsi %	Eignarhlutur í lóð %	Dags. sölufirlits 21.4.2020
Fasteignamat 95.150.000	Brunabótamat 75.800.000	Vátr.fél. seljanda TM	Vátr.fél. kaupanda	Yfirlýsing húsfélags

FST FASTEIGNASALA
SÆVARSDÖRS

Sævar Þór Jónsson, kt. 050578-3649
lögmaður/MBA
löggitur fasteignasali
Köllunarklettisvegi 2, 104 Reykjavík
Sími: 891-6303
saevar@saevarthor.is

Dags. kauptilboðs 8.5.2020	Dags. þinglýs.vottorð 6.5.2020	Útgáfud. afsals	Aflýsingardagur	Afhendingardagur eignar Samkomulag
--------------------------------------	--	-----------------	-----------------	--

Lýsing eignar

Eignarhluti 00-01-0101, í húsinu Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík, ásamt öllu er teðum eignarhluta fylgir og fylgja ber að engu undanskildu, þ.m.t. tilheyrandi hlutdeild í sameign hússins og lóðarréttindum. Fastanúmer eignar: 203-0540.

Aðilar kauptilboðs þessa hafa kynnt sér og áritað sölufirlit fasteignasöluunnar og skoðast það sem hluti af kauptilboði þessu.

Aðilar hafa kynnt sér eftirtalin skjöl og gera ekki athugasemdir þar við: veðbandayfirlit, þ.m.t. kvaðir og önnur eignarbönd og sölufirlit fasteignasölu.

Kaupsamningur skal haldinn svo fljótt sem verða má, þegar fallið hefur verið frá fyrirvara og öll gögn er varða sölu liggja fyrir.

Kaupverð í tölustöfum
130.000.000 kr.

Heildarverð í bókstöfum
Eitthundraðogþrjátíumilljónir kr.

Greiðslutilhögun sbr. sundurliðun A
130.000.000

Yfirteknar skuldir sbr. sundurliðun B
0

Veðbréf sbr. sundurliðun C
0

A. Greiðslutilhögun útborgunar

- Við kaupsamning greitt með peningum/millifært
- Við kaupsamning með láni frá lánastofnun greitt skv. skilyrtu veðleyfi að þinglýsingu lokinni

kr. 39.000.000

Greiðslustaður útborgunar

kr. 91.000.000

Vextir skv. A-lið reiknast ekki. Þó reiknast dráttarvextir ef ekki er greitt á gjalddaga.

D. Veðheimild seljanda til handa kaupanda á undan/efir veðbréfi/um útgefnum samkv.C-lið.

Fjárhæð og væntanlegur lánveitandi.

Samkvæmt almennum venjum í fasteignaviðskiptum.

Fyrirvari kaupanda:

Kaupandi gerir fyrirvara um samþykki lánastofnunar um flutning og veitingu lána skv. tilboði þessu. Skal kaupandi hafa skilað inn skriflegri yfirlýsingu um brottfall fyrirvara þessa í síðasta lagi 20 virkum dögum eftir samþykki tilboðs þessa. Að öðrum kosti getur seljandi fallið frá samþykki sínu á tilboði þessu með einhliða skriflegri yfirlýsingu.

Fyrirvari seljanda:

Kauptilboð þetta er háð samþykki veðhafa/veðhafafundar.

Áætlaður kostnaður kaupanda:

	Fjöldi	Eining	Verð
Þjónustu- og umsýslugjald til fasteignasöluunnar með vsk	1	54.900 kr.	54.900 kr.
Samtals			54.900 kr.

- Tilboðsgjafi (kaupandi), sem lýsir sig fjárráða, býðst til að kaupa þá eign sem lýst er í tilboði þessu á því verði og með þeim kjörum, skilmálum og fyrirvörum sem í því greinir.
- Er tilboð þetta skuldbindandi fyrir hann til loka þess frests sem settur er nema því sé hafnað innan tilboðsfrestsins. Með höfnun tilboðs fellur það niður og er tilboðsgjafi þá ekki lengur við það bundinn. Það er sömuleiðis höfnun á tilboði ef gagnþilboð kemur fram innan tilboðsfrests.
- Bindandi kaupsamningur er kominn á þegar skriflegt tilboð hefur verið samþykkt af móttakanda með undirskrift, enda felst í því gagnkvæm skuldbinding, annars vegar um greiðslu kaupverðs og hins vegar um afhendingu eignar.
- Um réttarsambænd aðila og réttindi þeirra og skyldur gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup nema að því leyti sem tilboðið geymir frávik um einstök atriði.
- Þegar sala eignar er liður í atvinnustarfssemi tilboðsmóttakanda (seljanda) og hún ætluð til persónulegra afnota fyrir tilboðsgjafa (kaupanda) er um neytdakaupa að ræða og er þá óheimilt að vilja frá ofangreindum lögum ef það yrði óhagstæðara fyrir tilboðsgjafa (kaupanda).
- Séu til staðar takmarkanir eða hindranir hvað snertir heimildir og eignarráð tilboðsmóttakanda (seljanda) skal þess getið í söluýfirliti.
- Sé ekki annað upplýst eða það augljóst skal eignin standast þær kröfur sem leiðir af lögum um fasteignakaup. Skal hún henta til þeirra afnota sem sambærilegar eignir eru venjulega notaðar til og/eða þeirra sérstöku afnota tilboðsgjafa sem tilboðsmóttakanda (seljanda) mátti vera kunnugt um.
- Notuð fasteign telst ekki gölluð, nema ággallinn yrri verðmæti hennar svo nokkru verði eða tilboðsmóttakandi (seljandi) hafi sýnt af sér sáknæma hättsemi.
- Sé ekki um annað sambönd skal eign hafa þann búnað eða réttindi sem var fyrir hendi við skoðun og/eða á að fylgja samkvæmt lögum, kaupsamningi, öðrum gögnum eða venju. Í eiddhúsi skal vera eldavei, ofn og vífta. Í baðherbergi fylgja föst hengi, innréttingar og tæki svo og skápur yfir eða við vask. Múr- og naglfastar uppistöður og hillur í geymslu. Föst ljós og ljósaúklar skulu vera í eiddhúsi, baðherbergi og sérþvottahúsi og a.m.k. eitt þerustæði í hverju herbergi. Eigninni skulu fylgja allar múr- og naglfastar innréttingar, spegilfisar, gluggatjaldastangir og festingar, en ekki gluggatjöld, þó fylgja ríma-, stríma- og rúllugluggatjöld. Sjónvarpsloftnet og festingar í elgu seljanda fylgja. (Þó ekki gervihnattadiskur í séreign ef um hann er að ræða). Í bílskúr fylgir fastur ljósabúnaður, rafknúrir hurðopparar svo og fastar hillur og skápur.
- Tilboðsmóttakandi (seljandi) skal gefa tilboðsgjafa (kaupanda) þær upplýsingar um eign, sem hann vissi eða mátti vita um og sem tilboðsgjafi hafði réttmæta ástæðu til að ætla að hann fengi. Eign skal vera í samræmi við veittar upplýsingar.
- Tilboðsgjafi getur ekki borið fyrir sig neitt varðandi ástand og gæði eignar sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar tilboðið var gert. Hafi hann skoðað eign fyrir kaupin eða látið það undir höfuð leggjast þrátt fyrir áskoranir, getur hann ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði mátt sjá við slíka skoðun.
- Gangi kaup eftir, skal tilboðsgjafi (kaupandi) svo fljótt sem verða má eftir afhendingu, skoða eignina á þann hátt sem góð venja er.
- Vextir reiknast ekki á útborgunargreiðslur sem greiðast á umsömdum degi en dráttarvextir reiknast við greiðsludrátt.
- Veðbréf sem getið út við undirritun kaupsamnings, ber óbreytanlega vexti og er verðtryggt með vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu útgáfumánaðar.
- Leiði tilboðið til kaupsamnings og eigi tilboðsgjafi (kaupandi) að yfirtaka áhvílandi veðskuldir, skal tilboðsmóttakandi (seljandi) strax tilkynna skuldareigendum um það og efla samþykkið þeirre ef því er að skipta. Skal hann þá án tafar framvísa nauðsynlegum gögnum þar á lúðandi á fasteignasöluinni.
- Eign skal afhenda á hádegis umseminum afhendingardags nema annað sé um samið. Áhættan af eign flýst frá seljanda til kaupanda við afhendingu.
- Eignin skal vera laus til afnota fyrir kaupanda á þeim degi sem að framan greinir. Kaupandi hróðir frá þeim tíma arð af henni og greiðir af henni skatta og skyldur, vexti af uppreiknuðum eftirstöðvum yfirtekinni lána svo og verðbætur, en seljandi til sama tíma. Í uppgjöri vegna yfirtekinnna lána er miðað við stöðu þeirra í skilum á afhendingardegi eignarinnar. Greiðslur í hússjóð, vexti og afborganir af yfirteknum lánam, iðgjöld af lögboðinni brunatryggingu, fasteigna-, vatns- og fráveitugjöldum, skal seljandi gera upp við kaupanda miðað við afhendingardag og greiða við undirritun afsals eða á gjaldkögum lánanna, ef þeir eru fyrir. Heimilt er kaupanda að draga gjaldfallnar afborganir, vexti og kostnað, fasteigna-, vatns- og fráveitugjöldum, iðgjöld af lögboðinni brunatryggingu og greiðslur í hússjóð, sem seljanda bar að greiða, frá þeirri útborgunargreiðslu, sem fellur næst á eftir gjaldkögum. Skemmdir, sem verða á eign fyrir afhendingu, en eftir að eignin er sýnd eða kaupsamningur gerður, skal seljandi lagfæra á sinn kostnað.
- Kostnaðarskiptingu á milli aðila skal hagað á þá leið, að seljandi skal greiða venjuleg rekstrargjöld af fasteigninni uns hann afhendir hana kaupanda.
- Við tilboðsgerð og samþykki tilboðs kynntu aðilar sé gaumgæfilega eftirtalin gögn sem skoðast hluti af kaupsamningi og/eða eru honum til fyllingar og skýringar um réttindi og skyldur aðila og samningsforsendur þeirra og gerðu aðilar engar athugasemdir við þau; kaupanda hefur verið afhent neðangreind skjöl í ljósrúti. a) Þinglýsingarvottorð, b) vottorð Fasteignaskrár Íslands, c) söluýfirlit
- Kaupþilboð þetta byggir á því að eftirtaldir áhvílandi veðskuldir séu tilboðsgjafa (kaupanda) óviðkomandi og að þeim skuli afýst svo fljótt sem verða má: Verði af kaupsamningi skal honum þinglýst svo fljótt sem verða má og í öllum falli innan viku frá undirritun hans. Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu kaupsamnings þessa, afsals, veðbréfs og annarra veðskjala svo og lánþinglýsingar veðbréfa og annarra veðskjala. Þinglýsingargjald er kr. 2.500.- af hverju skjali. Kostnað við skuldaraskipti greiðir kaupandi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lánstofnunar.
- Hér að neðan skal með skýrum og ótvíræðum hætti segja um frávik frá ákvæðum laga nr. 40/2002 um fasteignakaup enda standi ófrávikjanleg lagafrávik mæli slíkum frávikum ekki í vegi. Sama gildir um öll aforðgið, fyrirvara og sérstakar forsendur aðila ef því er að skipta.
- KOSTNAÐUR KAUPANDA, Stimpli-, þinglýsingar- og lánþinglýsingargjöld sem greiðast við undirritun kaupsamnings svo og umsýsluþögnun til fasteignasöluinnar; sjá áætlað kostnaðaruppgjör og þjónustusamning við fasteignasöluina þar um.
- Tilboðið byggir á því að eignin sé án frekari kvæða og veðbanda en í því segir.
- Verði af kaupum og þegar tilboðsgjafi (kaupandi) hefur efnit skyldur sínar á hann rétt á afsali fyrir eigninni.
- Seu um áhvílandi veðskuldir að ræða, sem seljanda ber að afýsa af eigninni og dugi útborgun skv. 1. töluúlið A star. framanritað ekki til uppgreiðslu þeirra eða að seljandi geti ekki sýnt fram á afýsingu þeirra með öðrum hætti, skulu útgefnir veðskuldbréf tryggð með fyrsta lausa veðrétti og uppfærslurétti, næst á eftir áhvílandi veðskuldum og tekur þá viðkomandi lánstofnun að sér að greiða upp áhvílandi veðskuldir með því sem til þarf af andvirði útgefninna veðskuldbréfa, auk kostnaðar sem til kemur við uppgreiðslu þeirra. Kostnað við uppgreiðslu lána greiðir seljandi og er hann skv. gjaldskrá hvernar lánstofnunar. Eftirstöðvar af andvirði útgefninna veðskuldbréfa verður lagt inn á bankareikning seljanda eða þess sem hann vísar til.
- Þrátt fyrir framanritað eru vextir lífeyrissjóðslána ævinlega breytilegir svo og lán annarra lánstofnana nema annað sé skýrt tekið fram. Til þess að yfirtaka áhvílandi lán þarf í öllum tilfellum samp. viðkomandi lánstofnunar, kostnað vegna skuldskeytingar ber kaupandi.
- Vextir geta breyst án fyrirvara. Lánteki fær þau vaxtakjör sem eru í boði þegar veðbréf er gefið út eða lán yfirtekið.
- Aðilar gera og samþykkja tilboð/gagnþilboð þetta með fyrirvara um lánafyrirgreiðslu hjá lánstofnunum/fjármálafrirtækjum og að kaupandi/kaupendur standist greiðslumát sem og samþykki veðhafa/veðhafundar.

Kaupþilboð þetta er bindandi og stendur til kl. 23:00 þann 14.5.2020 og telst löglega samþykkt með áritun á skrifstofu fasteignasöluinnar eða á annan samnanlegan hátt fyrir þann tíma.

Til staðfestu undirrita kaupandi og seljandi skjöl þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta og lýsa yfir fjárræði sínu. Jafnframt lýsa þeir því hér með yfir að undirritanir af þeirra eru í fullu samræmi við 1. mg. 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 um hjúskaparstöðu, bústað fjölskyldu og húsnæði til atvinnurekstrar.

Reykjavík, 8. maí 2020

Staður og dagsetning

Vottar að rétttri dags. undirskrift og fjárræði:		
Nafn Lan Cao	Kennitala 010475 2369	Undirskrift kaupanda F.H. Fjólhafi skv
Nafn Meiling Lan	Kennitala 210777 2379	Gud Sjgic

Reykjavík, 14.5.2020

Staður og dagsetning

Vottar að rétttri dags. undirskrift og fjárræði:		
Nafn Saim Kjeem	Kennitala 060388-2379	Undirskrift seljanda og samþykki maka Dobee Sig. Larsen
Nafn Kristian Swansson	Kennitala 240391-2459	skiptavæðing



Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborg - Eignasjóðs, kt. 570480-0149 og VERT ehf., kt. 450406-0230, gera með sér eftirfarandi

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni
Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir í Reykjavík.

1. gr. Inngangur

Lóðarhafi hefur hug á uppbyggingu íbúða á lóðinni Skógarhlíð 22 í Reykjavík (landeignanúmer: 178936, fastaeignanúmer: 203-0540). Afmörkun lóðarinnar er sýnd á fylgiskjali nr. 1. Af því tilefni gera lóðarhafi og Reykjavíkurborg með sér þetta samkomulag.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru Þóroddsstaðir hverfisverndaðir vegna umhverfisgildis þess sbr. umfjöllun í byggingarsögu Árbæjarsafns. Í því felst að æskilegt er að húsið verði lagfært með hliðsjón af upprunalegri gerð og sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga. Tillögur að breytingum skal vinna í samráði við Borgarskipulag og Árbæjarsafn.

Í vinnslu eru nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir lóðina. Samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum er m.a. heimild fyrir íbúðarhúsnæði. Enn fremur er gert ráð fyrir töluverðri aukningu á byggingarmagni frá því sem heimilt er samkvæmt gildandi deiliskipulagi og breytingu lóðarmarka sem er háð samþykki borgarráðs og tekur gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

2. gr. Deiliskipulagsgerð og lóðarleigusamningur

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina á fundi ráðsins þann 21. mars 2018.

Verði nýtt deiliskipulag samþykkt af borgarráði og staðfest með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda verður útgefinn nýr lóðarleigusamningur í samræmi við hið nýja deiliskipulag, fyrir lóðina Skógarhlíð 22, landeignanr. 178936.

3. gr. Byggingarréttur

Vegna breyttrar hagnýtingar lóðar, aukins byggingarréttar og bílastæðakrafna á lóðinni skuldbindur lóðahafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar greiðslu að fjárhæð 13.000 kr. fyrir hvern viðbótarfermetra, sem nýtt deiliskipulag fyrir lóðina heimilar að byggðir verði ofanjarðar umfram heimildir í gildandi skipulagi. Fyrirliggjandi deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir 1.780 viðbótarfermetrum ofanjarðar. Fyrir voru uppbyggingarheimildir fyrir 499 fermetra ofanjarðar og er því um að ræða **1.281 viðbótarfermetra** í nýju skipulagi.

Fjárhæðin er miðuð við byggingarvísitölu desembermánaðar 2018 sem er 142,7 stig og skal fjárhæðin framreiknuð í samræmi við þróun vísitölunnar frá undirskriftardegi þessa samkomulags til greiðsludags.



Samhliða útgáfu byggingarleyfis verður þinglýst tryggingarbréf, eða önnur fullnægjandi greiðslutrygging lögð fram að fjárhæð greiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Reykjavíkurborg mun svo aflétta tryggingarbréfinu eða greiðslutryggingunni í samræmi við greiðslur.

Lóðarhafi skal auk greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni.

Ef síðar verður samþykkt meira byggingarmagn en sem nemur hámarksbyggingarmagni skv. fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu skal lóðarhafi greiða viðbótarbyggingaréttargjald í samræmi við fjárhæð 1. mgr. 3. gr. fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagnið.

4. gr. Breytt lóðarmörk

Til þess að áform lóðarhafa gangi upp þá gerir deiliskipulagstillagan ráð fyrir makaskiptum á lóð Reykjavíkurborgar og Skógarhlíðar 22. Ferhyrnt landspilda í borgarleigu við vesturhluta lóðar verður hluti af lóð Skógarhlíðar 22 en samsvarandi stærð úr suðurhluta lóðar verður borgarland. Heildarstærð lóðar verður óbreytt 1397 m².

5. gr. Sala á einni íbúðum til Félagsbústaða hf.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkir lóðarhafi að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á einni íbúðum í húsinu á lóðinni í samræmi við heildarbyggingarmagn á lóðinni. Miðað skal við í kaupnum að íbúðin verði 45 - 60 m² að stærð að birtu flatarmáli auk 4 m² geymslu. Íbúðin skal afhenda tilbúna og skal frágangur hennar, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðari stærð í húsinu.

Kaupverð hvers birts fermetra á íbúð og geymslu er umsamin 440.000 kr. (virðisaukaskattur innifalinn). Kaupverðið skal greitt við afhendingu íbúðar. Framangreint kaupverð á m² er miðað við byggingarvísitölu desember mánaðar 2018 og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags. Kaupsamningur skal gerður þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ. á m. um staðsetningu íbúðarinnar og endanleg stærð hennar.

6. gr. Kvöð um leiguíbúðir

Í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun verður sú kvöð á lóðina að 15% íbúða skuli vera leiguíbúðir. Þess skal getið í deiliskipulagstillögu og útbúin skal sérstök yfirlýsing sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóð. Jafnframt skal skrá kvöð þessa á viðkomandi íbúðir í eignarskiptayfirlýsingu húsanna.

7. gr. Listskreyting

Aðilar eru sammála um að hvor aðili muni leggja fram ákveðið framlag, allt að 5.000.000 kr. til listskreytingar í almenningsrými, gangstétt eða á húsum á skipulagsreitnum. Samráð skal haft milli aðila um val og útfærslu á listskreytingum.



8. gr. Gjaldþagi gatnagerðargjalds

Gjaldþagi gatnagerðargjalds fyrir lóðina Skógarhlíð 22 er við samþykkt byggingarnefndarteikninga hjá embætti byggingarfulltrúa og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Gatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

9. gr. Kvöð um framsal

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi samkvæmt samkomulagi þessu áður en greiðsla samkvæmt 3. gr. hefur verið greidd. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, ef framsalshafi skuldbindur sig gagnvart Reykjavíkurborg til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt samkomulagi þessu og skuldbindur sig til þess að hlýta að öðru leyti ákvæðum samkomulagsins, í stað lóðarhafa.

Kvöð um að framsal sé óheimilt nema að fenginni staðfestingu Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa skal getið á veðbandayfirliti fasteignarinnar Skógarhlíðar 22, með landnúmerið 178936 og fastanúmerið 203-0540.

10. gr. Uppsögn

Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan tveggja ára frá undirritun samkomulags þessa er hvorum aðila um sig heimilt einhliða að segja því upp með þriggja mánaða fyrirvara.

11. gr. Endurskoðun

Ef til þess kemur að VERT selji allar íbúðirnar til leigufélags skal samkomulag þetta endurskoðað.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu.

Reykjavík 10. desember 2018

F.h. Reykjavíkurborgar
Með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vert ehf.

Vitundarvottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:

kt.

kt.

1. Skógarhlíð 22, lóðaruppdráttur dags. janúar 2018